

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur um kostnað við auglýsingagerð, kynningarmál, viðburði og ráðstefnur.

1. Hver var kostnaður ráðuneytisins og stofnana þess við auglýsingagerð og kynningarmál árin 2022 og 2023? Svar óskast sundurliðað eftir auglýsingaherferðum.

Um er að ræða svör frá viðkomandi stofnunum sem ráðuneytið hafði milligöngu um að afla. Enginn kostnaður af þessum toga féll til hjá tveimur undirstofnunum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Bankasýslu ríkisins og yfirskattanefnd.

	2022	2023
Fjármála- og efnahagsráðuneyti		
Hönnun vegna auglýsinga og annars kynningarefnis	501.150	724.307
Kynningar og opinberir fundir	589.151	571.739
Starfsauglýsingar	1.884.172	766.147
Tengjum ríkið, ráðstefna á vegum Stafræns Íslands	0	2.741.808
Verkefnastofa um samgöngugjöld, auglýsingar og kynningarefni vegna kílómetragjalds	0	22.232.064
Fjársýsla ríkisins		
Ísland 2020, atvinnuhættir og menning	441.539	0
Starfsauglýsingar	2.074.142	370.567
Vörumerkjabreyting	1.386.750	1.863.075
Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir		
Auglýsingar á útboðum og markaðskönnunum	1.499.927	5.795.803
Grafísk hönnun vegna auglýsinga og annars efnis	265.980	390.600
Starfsauglýsingar	0	390.864
Skatturinn		
Auglýsingar um framtalsskil, álagningu, ársreikningaskil, greiðsluáskoranir, o.fl.	15.658.510	11.037.937
Starfsauglýsingar	8.005.745	1.309.799
Ríkiskaup		
Nýsköpunardagur hins opinbera		290.673
Starfsauglýsingar	236.175	75.054
Umbrá – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins		
Birtingar á ja.is og 1819.is fyrir Stjórnarráð Íslands	492.000	490.000

2. Hvernig skiptist birtingarkostnaður ráðuneytisins og stofnana þess eftir innlendum og erlendum miðlum árin 2022 og 2023?

Enginn kostnaður af þessum toga féll til hjá tveimur undirstofnunum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Bankasýslu ríkisins og yfirskattanefnd.

	2022	2023
Fjármála- og efnahagsráðuneyti		
Innlendir miðlar	1.884.172	766.147
Erlendir miðlar	17.000	15.000
Fjársýsla ríkisins		
Innlendir miðlar	3.902.431	2.233.642
Erlendir miðlar	0	0
Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir		
Innlendir miðlar	1.029.927	5.716.667
Erlendir miðlar	470.000	470.000
Ríkiskaup		
Innlendir miðlar	236.175	365.727
Erlendir miðlar	0	0
Skatturinn		
Innlendir miðlar	23.637.326	12.285.604
Erlendir miðlar	26.829	62.132
Umbrá – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins		
Innlendir miðlar	492.000	490.000
Erlendir miðlar	0	0

3. Hver var kostnaður ráðuneytisins og stofnana þess við viðburði og ráðstefnur árin 2022 og 2023?

Kostnaður vegna viðburða og ráðstefna sem birtur er hér að neðan kann að vera hluti af kostnaði sem þegar hefur verið tilgreindur bæði í 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar. Enginn kostnaður af þessum toga féll til hjá þremur undirstofnunum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Bankasýslu ríkisins, Umbrá og yfirskattanefnd.

	2022	2023
Fjármála- og efnahagsráðuneytið alls	0	2.741.808
Fjársýslan alls	3.903.616	4.143.025
Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir alls	0	4.935.228
Ríkiskaup alls	527.189	674.719
Skatturinn alls	6.512.062	1.407.375